

Ed.

109. Frumvarp

til laga um breyting á fátækralögum, nr. 43 1927.

Flutningsm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Aftan við 58. gr. fátækralaganna bætist:

Þó má engan flytja fátækraflutningi, sem orðinn er fullra 65 ára, nema samþykki hans komi til. Ennfremur má atvinnumálaráðherra veita undanþágu frá lögmæltum fátækraflutningi, ef sérstaklega stendur á, svo sem þegar í hlut á ekkja með börn.

Þann kostnaðarauka, sem framfærslusveit sannar, að hún hafi af því, að flutningur er ekki framkvæmdur, skal greiða úr rikissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Öllum kunnugum mun koma saman um, að svonefndir „hreppaflutningar“ eru ómannúðlegir, enda er reynt að komast hjá þeim með ýmsu móti. Hinsvegar geta þeir verið neyðarvörn fátækra hreppa gagnvart eyðslusömu óreiðufólki.

Æskilegt væri, að allir þessir hreppaflutningar væru úr lögum numdir, en vegna fátækra hreppa, sem eru að sligast undir þungum álögum, og hinsvegar vegna óreiðufólks, sem er sveitalíf miklu hollara en kaupstaðalíf, er erfitt að komast alveg framhjá þeim nema fleiri róttækar breytingar yrðu samferða, sem undirbúning vantar að í þetta sinn.

Á hinn bóginn munu allir sanngjarnir menn geta fallizt á, að hætt verði alveg að flytja gamalt fólk hreppaflutningi gegn vilja þess. Það er yfirleitt hvorki heimtufrekt eða eyðslusamt, en vanafast er það og tekur sér afarnærri miklar breytingar. Segja þeir, sem orðið hafa að tilkynna fjölmörgu fólki, „að það yrði að flytja það“, að allra sárast hafi verið að flytja örvasa gamalmönnum slík tíðindi.

Ekkjur með barnahóp, sem alloft eru alveg ókunnugar framfærslusveit manna sinna, ættu og að fá að vera þar, sem þær helzt kjósa, en þar sem þær þurfa stundum talsvert fé til framfæris og eru misjafnlega sparsamar, þykir sanngjarnt, að atvinnumálaráðuneytið hafi þar úrskurðarvald. Ættu ekki efnalitlar framfærslusveitir að óttast, að þar verði ógætilega farið, þar sem ríkissjóði er ætlað að hlaupa undir bagga, ef kostnaðarsamara er að dvelja þar, sem ekkjan kys sér bústað, en í framfærslusveit hennar.

Eðlilega er ekki unnt að segja um nú, hvað útgjöld ríkissjóðs kunna að aukast við þessi lög; það fer allt eftir því, hve margar undanþágur atvinnumálaráðuneytið veitir, og hvort það tekur fleiri með en ekkjurnar. En benda má á, að hér í Reykjavík, þar sem margir vilja vera, eru ekki nema sárfáar ekkjur, sem fá styrk frá öðrum sveitum, og eru mörg ár síðan nokkur ekkja hefir verið flutt héðan nauðug, þótt oft hafi skolið hurð nærri hælum.